



Ármeý Valdimarsdóttir

MS-ritgerð: Umfang undanþágulyfja á Íslandi 2020-2021: Greining og samanburður við Noreg og Svíþjóð árið 2020.



Höfundur: Ármeý Valdimarsdóttir er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum, hún fæddist 11. apríl 1994. Foreldrar Ármeýjar eru Guðný Óskarsdóttir og Valdimar Guðmundsson. Ármeý útskrifaðist með stúdentspróf af náttúrufræðibraut frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum vorið 2014 og hóf nám í Lyfjafræði við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands haustið 2015. Meðfram námi, eða frá árinu 2016, hefur Ármeý starfað hjá Lyf og heilsu. Eftir útskrift mun Ármeý starfa sem lyfjafræðingur hjá Lyf og heilsu.

Stuttur útdráttur úr ritgerð: Undanþágulyf hafa ekki markaðsleyfi á Íslandi og eru ávísanir þeirra samþykktar af Lyfjastofnun gegn ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Markmið verkefnisins var að varpa ljósi á stöðu undanþágulyfja á Íslandi árin 2020-2021 ásamt því að bera saman stöðu undanþágulyfja í Noregi og Svíþjóð árið 2020.

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að samþykktum undanþágulyfjaumsóknum hefur fækkað á Íslandi frá árunum 2020-2021 en mikið af þeim undanþágulyfjum sem notuð eru hér á landi eru þau sömu ár eftir ár. Algengasta ástæðan fyrir notkun undanþágulyfja á Íslandi var í flestum tilfellum sú að ekkert annað lyf var á markaði. Notkun undanþágulyfja á Íslandi árið 2020 var fremur mikil samanborið við í Noregi og Svíþjóð þegar horft er á fólksfjölda og fjölda skráðra lyfja í löndunum.